

**Nr. 063 / 09 Ásgrímur Halldórsson SF 250****Tók niðri á Breiðafirði**

Skipaskr.nr. 2780  
Smíðaður: Noregi 2000, stál  
Stærð: 1528 bt.  
Mesta lengd: 61,2 m Skráð lengd: 55,1 m  
Breidd: 13,2 m Dýpt: 8,15 m  
Vél: WARTSILA 5520 kW, 2000  
Fjöldi skipverja: 14



Ásgrímur Halldórsson©Útgerð

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 31. ágúst 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælsyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 2. desember 2008 var Ásgrímur Halldórsson SF 250 á síldveiðum á Breiðafirði. Veður: A 8 m/s og bjart. Djúprista u.þ.b. fr.: 6,0 m og aft.: 6,80 m.

Þegar skipið var á veiðum sunnan við Kálfinn í Kiðeyjarsundi tók það niðri að framan á stað, 65°03.235N og 022°48.466V þannig að það lyftist um 60 sm. Við þetta kom smá leki upp með sónar, dýptarmælar urðu óvirkir og dældir komu stjórnborðsmegin á bol niður við kjöl. Losnaði skipið fyrir eigin vélarafli.

**Við rannsókn kom fram:**

- að verið var að fiska á miklu grunnsævi og skipverjar voru að undirbúa kast;
- að skipstjóri taldi sennilega hefði verið meira um kapp en forsjá þarna á ferðinni. Hann taldi líkur á að svona eigi sennilega eftir að endurtaka sig á skipum sem verða á veiðum á þessu svæði.

**Nefndarálit:**

Nefndin ályktar ekki í málinu en hvetur stjórnendur skipa að hafa sérstaka gát á þegar þegar veiðar eru stundaðar við aðstæður sem þessar.